


Skýrsla
æskulýðsnefndar
hestamannafélagsins



Borgfirðingur

2024

Æskulýðsstarf Borgfirðings bauð upp á nokkur námskeið og mót voru haldin fyrir alla aldursflokka.

Hestaleikjanámskeið

Hófst 27.janúar og voru kennsluhelgar 5 og þátttakendur 13 börn á aldrinum 5 til 13 ára.

Á leikjanámskeiðinu var lögð áhersla á kennslu í gegnum leik og gleði. Þrautabrautir voru lagðar, boðreið, samhæfing, jafnvægi, leikir og fleiri skemmtileg verkefni.

Þema var fyrir hvern tíma og var það, rautt þema, kúreka þema, blátt þema og Disney þema.

Börnin mættu bæði með sína eigin hesta.

Námskeiðið var í boði Bentsson ehf að þessu sinni og kunnum við honum miklar þakkir fyrir.

Í lok námskeiðs var boðið upp á grillaða hamborgara og pylsur ásamt því að það var farið í páskaeggjaleit.

Kennari var Helga Rósa Pálsdóttir



Svipmyndir frá hestaleikjanámskeiðinu



Reiðnámskeið með Denise Weber

Almennt reiðnámskeið var haldið yfir vetrartímann með reiðkennaranum Denise Weber.

5 sóttu námskeiðið og mættu iðkendur með sína eigin hesta. Námskeiðið var einstaklingsmiðað allt frá byrjendum og upp í þjálfun hrossa og knapa fyrir keppni.



Grímutölt Borgfirðings

Grímutölt Borgfirðings var haldið 13.apríl og var boðið upp á polla og barnaflokka. Pollar sem ríða sínum hestum sjálfir og pollar sem var teymt undir.





Mót

Fjölmörg mót voru haldin, bæði innimót og útimót og var alltaf boðið upp á polla- og barnaflokka. Góð þátttaka var á mótunum og voru þátttakendur ánægðir með verðlaunin sín sem voru ýmist verðlaunapeningar eða búnaður sem nýtist vel í hestamennskunni.





Fyrir hönd æskulýðsdeildar Borgfirðings

Helga Rósa Pálsdóttir

Baldur Pétursson

Hafdís Brynja